

Föstudaginn 17. október 1969.

Nr. 37/1969. **Knútur Kristinsson f. h. Ewalds**

Ellerts Berndsens

(Kristinn Einarsson hdl.)

gegn

Skrifstofu ríkisspítalanna

Gjaldheimtunni í Reykjavík

Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta

Unnsteini Beck borgarfógeta

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs svo og

Dómsmálaráðherra til réttargæzlu

(Benedikt Sveinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti hefur framkvæmt hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. febrúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og stefndu dæmt sameiginlega að greiða honum málskostnað.

Stefndu skrifstofa ríkisspítalanna, Gjaldheimtan í Reykjavík, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og réttargæzlustefndi dómsmálaráðherra krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndu Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti og Unnsteinn Beck borgarfógeti hafa ekki sótt þing í málinu.

Við skipti á dánarbúi Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens 12. apríl 1967 hlutu áfrýjandi og systur hans Guðný Berndsen, Margrét Berndsen og Sólveig Berndsen hvert í arf 9.583% af fasteigninni nr. 8 við Engihlíð hér í borg.

Hinn 12. ágúst 1968 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á fasteigninni nr. 8 við Engihlíð til tryggingar opinberum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr.

7.137.00, samkvæmt lögtaksgerð frá 14. maí 1968. Uppboðið var auglýst í 58., 60. og 62. tbl. Lögbirtingablaðsins 1968 og skyldi tekið fyrir í uppboðsdómi 27. nóvember 1968.

Hinn 6. nóvember 1968 krafðist sami aðili uppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 8 við Engihlíð, eign áfrýjanda, Ewalds Ellerts Berndsens, og systra hans Guðnýjar Berndsens, Margrétar Berndsens og Sólveigar Berndsens til lúkningar opinberum gjöldum dánarbús Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 2.708.126.00 samkvæmt lögtaksgerð 11. apríl 1967.

Á uppboðsdómþingi 27. nóvember 1968 var tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð Engihlíð 8“. Voru uppboðsbeiðnir þær, er áður getur, lagðar fram á dómþinginu og svo endurrit lögtaksgerðar. Eigi var sótt þing af hálfu eigenda eignarinnar. Var sala á eigninni þá ákveðin 14. janúar 1969.

Hinn 14. janúar 1969 háði yfirborgarfógeti uppboðsþing, og var þá tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð hl. í Engihlíð 8. þingl. eig. Guðný, Margrét og Sólveig og Ewald Berndsen, eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík“. Uppboðsþolendur Guðný Berndsen, Margrét Berndsen og Sólveig Berndsen sóttu sjálfar þing, en af hendi áfrýjanda var sótt þing. Var eignin síðan boðin upp, og komu fram boð. Af hendi stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík var óskað eftir öðru uppboði, sbr. 29. gr. laga nr. 57/1949.

Yfirborgarfógeti háði enn uppboðsþing 27. janúar 1969, og var þá tekið fyrir að „halda annað og síðasta uppboð á hl. í Engihlíð 8, þingl. eigendur E. Berndsen o. fl.“. Af hendi uppboðsþolenda sóttu sömu aðiljar þing og á uppboðsdómþingi 14. janúar 1969. Fór uppboð síðan fram, og var stefndi skrifstofa ríkisspítalanna hæstbjóðandi. Uppboðshaldari tók sér þá 2 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Hinn 3. febrúar 1969 háði yfirborgarfógeti enn uppboðsdómþing, og er þar meðal annars bókað: „Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um framkomin boð í hluta af húseigninni nr. 8 við Engihlíð, þingl. eign Edw. Berndsen, Guðnýjar Berndsen, Margr. Berndsen og Sólveigar Berndsen.

Dagana 14. jan. og 27. jan. s.l. var ofangreind eign, $\frac{2}{3}$ hl.

úr neðri hæð og 3 herbergja kjallaraibúð ásamt lóðarréttindum, seld á nauðungaruppboði eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hæstbjóðandi var Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, sem bauð kr. 710.000.00.

Boð þetta hefur verið samþykkt.

Mættur er Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna og greiðir hann áfallinn uppboðskostnað, kr. 29.570.00, og $\frac{1}{4}$ hluta kaupverðsins, kr. 177.500.00. Eftirstöðvar greiðast innan tveggja mánaða, og verður þá gefið út uppboðsafsal. Uppboðskaupanda eru afhentir lykklar að húsinu. Hann nýtur arðs af eigninni frá og með deginum í dag“.

Svo sem að framan er getið, var hin selda eign sameign þeirra áfrýjanda og systra hans Guðnýjar Berndsens, Margrétar Berndsens og Sólveigar Berndsens, og þær voru aðiljar uppboðsmálsins í héraði, sbr. 2. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949.

Efnisdómur í Hæstarétti mundi og binda þær. Þeim hefur hins vegar eigi verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
